

Nd.

## 441. Breytingartillögur

[204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Lúðvik Jósepssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að lækka almenn rekstrarútgjöld samkv. fjárlögum ársins 1975 um allt að 1500 milljónir króna enda sé þess gætt að slík lækkun útgjalda hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né heldur á framlög til félagsmála.

2. Við 2. gr. Við greinina bætist:

Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en 268 000 kr., enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.

3. Við 10. gr. A-liður orðist þannig:

Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi: Af fyrstu 600 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af skattgjaldstekjum yfir 600 000 kr., en undir 1 500 000 kr. greiðist 40%, af skattgjaldstekjum 1 500 000 kr. til 2 500 000 kr. greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 500 000 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar, eftir því sem við á.

2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara: Af fyrstu 850 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af skattgjaldstekjum 850 000 kr., en undir 1 750 000 kr. greiðist 40%, af skattgjaldstekjum 1 750 000 kr. til 2 750 000 kr. greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 750 000 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

4. Við ákvæði til bráðabirgða í lok II. kafla bætist nýr stafliður, C, svo hljóðandi:

Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1975 skulu fyrningar reiknaðar samkv. ákvæðum 15. gr. gildandi skattalaga, með því fráviki, að engar flýti-fyrningar skulu leyfðar né heldur verðbreytingar eigna samkvæmt verðhækkunarstuðli. Afskriftaverð (afskriftastofn) eigna skal því vera hið sama og s.l. ár, eða hliðstætt sé um nýjar eignir að ræða.

5. Við 19. gr. Fyrri málsg. orðist svo:

Fella skal niður söluskatt á kjöti og kjötvörum, korni og brauðvörum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

6. Við 31. gr. Við greinina bætist:

Auk þeirra lánsheimilda, sem tilgreindar eru í 29. og 30. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán og endurlána stofnlánasjóðum atvinnuveganna, allt að 2 000 milljónum króna.

7. Við 32. gr. Greinin falli niður.